

# Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis: <input type="checkbox"/> Skólameistari <input checked="" type="checkbox"/> Kennari / Kennarar	Dagsetning tilvísunar 27. október 2015
Nafn skóla Menntaskólinn í Kópavogi	Símanúmer skóla 594 4000
Skólameistari Margrét Friðriksdóttir	Netfang margret.fridriksdottir@mk.is
Kennari / Kennarar XXXX/XXXX	Netfang XXXX
Áfangahæiti og áfangalýsing (vefslóð) <a href="#">EFN203</a> , <a href="#">EÐL203</a> , <a href="#">LÍF203</a>	
<p>Ágreiningsefni</p> <p>Í vinnumati á haustönn 2015 vour framangreindir áfangar flokkaðir á neðara stig. Þetta eru áfangar í gömlu námskránni. Raungreinakennarar í MK telja að þessir áfangar eigi að vera á efra stigi (og það ætti líka að gilda um JAR203 sem ekki er kenndur á önninni).</p> <p>Þessu var komið á framfæri við skólameistara í septemberbyrjun. Skólameistari óskaði ráðgjafar hjá vinnumatstefnd raungreina og stærðfræði. Í svari nefndarinnar (málsnúmer 20153) sem undirritaður fékk 3. október sl. er skólanum bent á að þræpasetja umrædda áfanga og raða á neðra eða efra stig eftir eðli verkefna, þyngdarstigi o.fl.</p> <p>Undirritaður óskaði strax efti því við skólameistara að farið yrði í þá vinnu. Við því hefur skólameistari ekki orðið og þess vegna er óskað eftir úrskurði vinnumatsnefndar í raungreinum og stærðfræði.</p> <p><b>Rök fyrir því að umræddir áfangar skuli flokkast á efra stig eru eftirfarandi:</b></p> <p>Undanfarar þessara áfanga eru tveir, þ.e. fyrst þarf nemandi að ljúka NÁT-áfanga og síðan 103-áfanga í gömlu námskránni. Í áföngunum EFN203, EÐL203 og LÍF203 eru viðfangsefnin sérhæfðari og gera meiri kröfur til nemenda um skilning og að tengja saman ólíka þætti, en í undanfarandi áföngum í greinunum.</p> <p>Í nýrri námskrá sem hefur verið samþykkt af skóla eru tveir áfangar í raungreinum fyrri nemendur á raungreinabraut á 2. þrepi. Allir framhaldsáfangar eru á 3. þrepi. Sambærilegir áfangar við EFN203, EÐL203 og LÍF203 eru því á 3. þrepi og þar með flokkaðir á efra stig í vinnumati.</p> <p>Í vinnumati MK nú á haustönn eru áfangarnir STÆ303 og ÍSL303 flokkaðir á efra stig. Þetta eru áfangar númer 3 í röðinni í hverri grein hjá nemendum, alveg eins og EFN203, EÐL203 og LÍF203.</p> <p>Fyrir hönd XXXX í Menntaskólanum í Kópavogi, XXXX</p>	
<b>Sent á formann vinnumatsnefndar</b> <input type="checkbox"/> Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir <a href="mailto:helgajo@idnskolinn.is">helgajo@idnskolinn.is</a> <input type="checkbox"/> Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir <a href="mailto:greta@fa.is">greta@fa.is</a> <input type="checkbox"/> Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir <a href="mailto:lara@mtr.is">lara@mtr.is</a> <input type="checkbox"/> Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir <a href="mailto:hals@mh.is">hals@mh.is</a> <input checked="" type="checkbox"/> Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason <a href="mailto:larushb@mh.is">larushb@mh.is</a>	<b>Fylgigögn</b> <input type="checkbox"/> Vinnumat kennara <input type="checkbox"/> Vinnumat skólameistara <input type="checkbox"/> Önnur gögn:

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

# Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Vinnumatsnefnd Raungreina og stæ	Málsnúmer 20156
Nafn skóla Menntaskólinn í Kópavogi	Áfangaheiti EFN203/EÐL203/LÍF203
Dagsetning sem málið barst 27. október 2015	Dagsetning úrskurðar 16. nóvember 2015
Niðurstaða vinnumatsnefndar	
<p>Áður en nefndin tók málið til úrskurðar var skólameistara gefinn kostur á að tjá sig um það. Í svari skólameistara er bent á að þegar leitað var eftir staðfestingu á raungreinagraut MK fyrr á árinu hafi meðal annars verið sett spurningarmerki við þrepasetningu líffræðiáfangar og bent á að flestir skólar hafi raðað hliðstæðum áföngum á 2. þrep. Leitað hefur verið upplýsinga hjá Menntamálastofnun þessu til staðfestingar og sér í lagi hefur komið fram að erfðafræðiáfangar á borð við LÍF203 hafi ýmist verið settir á 2. eða 3. þrep. Í því ljósi telur vinnumatsnefndin sig ekki geta lagt til grundvallar að fara með LÍF203 eins og hann væri ótvírætt á 3. þrepi. LÍF203 er þriðji áfangi í líffræði þ.e. á undan honum hafa nemendur lokið NÁT103 og LÍF103 m.v. eldri námskrá. Um bæði EÐL203 og EFN203 gildir að nemendur hafa áður þurft að ljúka áfanga númer 103 í þessum greinum og áfanganum NÁT123 sem er inngangsáfangi bæði eðlisfræði og efnafræði. Undanfarandi nám fyrir 203 áfanga í eðlisfræði og efnafræði er því heldur minna að umfangi en í 203 áfanga líffræðinnar. Því standa samræmisrök til þess að eðlisfræði og efnafræði áfangar nr. 203 séu vart á 3 þrepi ef líffræðiáfanginn nr. 203 er það ekki. Eftir stendur þá hvort innihald og efnistöð gefi að öðru leyti tilefni til þess að meta áfangana á efra stigi. Í leiðbeiningum verkefnisstjórnar um skilsmun milli stiga segir að það ráðist af eðli og umfangi verkefna í námsáfanganum, kröfum um stærri sjálfstæð verkefni, þyngdarstigi og fleiru hvort 2. þreps áfangi tilheyri efra stigi í vinnumati. Að mati nefndarinnar verður ekki ráðið af innsendum kennsluáætlunum að umfang og þyngd verkefna ellegar kröfur um sjálfstæð vinnubrögð í umræddum 203 áföngum hafi slíka sérstöðu að hún leiði til þess að áfangarnir skipist á efra stig í vinnumati. Niðurstaða: Áfangarnir EÐL203, EFN203 og LÍF203 í Menntaskólanum við Kópavogi teljast til neðra stigs í vinnumati raungreinaáfangar.</p>	
F.h. vinnumatsnefndar raungreina og stærðfræði,	
Lárus H. Bjarnason	
Framvinda máls: <input checked="" type="checkbox"/> Mál afgreitt <input type="checkbox"/> Máli vísað til úrskurðarnefndar	